
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2006-01
Fundartími:	Þriðjudagur 7. febrúar 2006 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Skipan hópsins og skipulag starfsins. 2) Raforkunotkun ársins 2005. 3) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2005. 4) Notkunarflokkar raforku 2005 og gögn um afl. 5) Skipulag gagnasöfnunar og úrvinnsla. 6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Eymundur Sigurðsson Agnar Árnason Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson Ólafur Pálsson (fyrir Ívar Þorsteinsson)
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson

- 1) Farið var yfir skipulag starfsins og ákveðið að miða við óbreytt fyrirkomulag á árinu. ES sagði að búið væri að ráða nýjan starfsmann, Írisi Baldursdóttur, til Landsnets í starfið sem hann var í og líklega tæki hún sæti hans í hópnum. Einnig lagði hann til að Ásgeir Sigtryggsson kæmi á næsta fund hópsins og taldi hann áhugavert að fá hann einnig til setu í hópnum vegna skila Landsnets á gögnum. ES ítrekaði frá síðasta fundi að gott væri að hópurninn skrifaði undir trúnaðaryfirlýsingu.
- 2) JV fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2005. Hann sagði að tölurnar væru ekki alveg endanlega þar sem eftir væri að fara betur yfir þær. Einnig vantaði einstaka samninga um ótryggða orku fyrir síðustu mánuði. Samkvæmt þessum tölum hefur almenn notkun aukist um 3,3% á milli ára sem lækkar niður í 2,5% eftir hitastigsleiðréttingu. Fundarmönnum þótti aukningin í lægri kantinum miðað við aukna sölu veitnanna. JV sagði að aukning í forgangsorku gæti verið meiri en ekki liggja fyrir þær tölur vegna þess að ótryggða orkan er ekki orðin endanleg. JV spurði hvort áhugavert væri að sjá einstök svæði og stakk ES upp á að nota sömu svæðin og í kerfisáætlun Landsnets. JV mun

tilkynna þegar tölurnar verða orðnar endanlega og þá verða þær birtar á heimasíðu orkuspárnefndar.

- 3) JV spurði hvort hópurinn ætti að taka saman fréttatilkynningu um notkun síðasta árs eins og hann hefur gert undanfarin ár. Á síðasta ári var tilkynningin birt af Orkustofnun. JV var falið að ræða þetta við Orkustofnun. Nefnt var að ef hópurinn tæki þetta saman að fjalla sérstaklega um notkun við framkvæmdir á Austurlandi, fiskeldi, auknar íbúðarhúsabyggingar og aukin hlut þjónustu sem ekki er eins orkufrek og framleiðsluðnaður.
- 4) JV sagði að einungis væru komnir notkunarflokkar frá Hitaveitu Suðurnesja. AA sagðist vera að vinna í því að ganga frá notkunarflokkunum. IB sagði að aflgögn væru komin frá Rarik, HS og OR. Gögn Landsnets liggja einnig fyrir nema ótryggða orka sbr. lið 2.
- 5) Rætt var um breytingar á úrvinnslu gagna og framsetningu þeirra. Ákveðið var að senda Landsneti tillögu að framsetningu á gögnum og einnig vinnsluáðilum og dreifiveitum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:30. Næsti fundur ákveðinn 7. mars 2006.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun 2005.